Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 20. nóvember 2023
2212466/106.06 IA

Efni: Skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Greinagerð:

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð allt að kr. 8,1 milljarðar, burt séð frá lántökum hlutdeildarfélaga. Af þessari fjárhæð eru 4,5 milljarðar ný lántaka, fyrst og fremst á móti framkvæmdum, en um 3,6 milljarðar sem endurfjármögnun á óverðtryggðum lánum hjá Íslandsbanka með lokagjalddaga í desember 2023.

Í janúar 2023 var tekið að láni skuldabréf að fjárhæð kr. 1,5 milljarðar á ávöxtunarkröfunni 3,05% og talað um að skoða hvernig greiðsluflæði myndi þróast. Í mars 2023 var fengin heimild til að taka aftur kr. 1,5 milljarð að láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hafa 930 m.kr. verið nýttar af þeirri heimild.

Í stað þess að fara í langtímafjármögnun núna á tímum hárra vaxta er lagt til að tekið verði kr. 1,5 milljarða skammtímalán til 6 mánaða. Þetta lán yrði tekið vegna framkvæmda á vegum bæjarins sem til skamms tíma eru fjármagnaðar með skammtímaádrætti á lánalínur bæjarins í viðskiptabönkunum. Skammtímalánið myndi því greiðast inn á lánalínur Kópavogsbæjar og þar með lækka vaxtagreiðslur bæjarins, sem og að tryggja öruggt greiðsluflæði hjá bænum yfir tíma sem tekjuflæði er að öðru jöfnu er tiltölulega lágt.

Er nú óskað eftir heimild til að taka allt að 1,5 milljarða að láni til að fjármagna framkvæmdir og að einhverju leiti endurfjármagna framkvæmdalán bæjarins á fyrri hluta ársins 2024.

Bókun:

Ákvörðun um að taka skammtímafjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundi að taka skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.500.000.000 frá og með 29. nóvember 2023 með gjalddaga 29. maí 2024 í samræmi við skilmála

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

skammtímaláns sem liggur fyrir fundinum og bæjarstjórn hefur kynnt sér. Lánið er tekið á grundvelli langtímalánsumsóknar hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Vextir lánsins 11,48% sem jafngildir 6 mánaða REIBOR vöxtum með 1,5% álagi.

Lánið er tekið til að fjármagna verkefni sveitarfélagsins sem fela í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ásdísi Kristjánsdóttur kt. 280978-3459 veitt fullt og ótakmarkað umboð til fyrir hönd Kópavogsbæjar að undirrita skammtímalánasamning við Lánasjóð Sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Fjármálastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026